



Jóhanna Kr. Arnberg Gísladóttir, Guðrún Kristinsdóttir
og Amalía Björnsdóttir

„Voruð þið að tala um mig?“

Um nemendavernd í grunnskólum

► Um höfunda ► Efnisorð

Markmiðið með rannsókninni sem hér er greint frá er að kanna starfsemi nemendaverndarráða í grunnskólum og hlutdeild nemenda í ákvörðunartöku í eigin málum í ráðunum. Tilgangurinn er að veita innsýn í störf ráðanna og draga lærdóm af niðurstöðum en einnig að vekja lesendur til umhugsunar um réttindastöðu grunnskólánemenda. Vaxandi skilningur er á mikilvægi þess að rödd barna fái hlómgrunn, að á þau sé hlustað og að þess sjáist merki við ákvörðunartöku í málum þar sem aðstæður þeirra og vandi eru til meðferðar. Nemendaverndarráð eru þverfagleg teymi sem eiga að starfa í grunnskólum landsins og þeim er ætlað að stuðla að velferð nemenda. Starfsemi þeirra hefur lítt verið rannsökuð og ekki hafa legið fyrir upplýsingar um þátttöku barna í meðferð mála sem tekin eru fyrir þar.

Rafrænn spurningalisti var sendur til skólustjóra allra grunnskóla á Íslandi skólaárið 2013–2014. Alls bárust svör frá 84 skólum og var svarhlutfall 50% á landsvísu. Niðurstöður benda til þess að nemendaverndarráð starfi í flestum grunnskólum og töldu þátttakendur þau almennt starfa með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Mál sem rata inn á borð nemendaverndarráða eiga það flest sameiginlegt að fjalla um málefni einstakra nemenda en hlutdeild nemenda í afgreiðslu mála sem þá snerta er takmörkuð. Þátttakendur töldu aldur og þroska nemenda og eðli mála helstu ástæður lítillar aðkomu nemendanna sjálfra. Meirihluta foreldra (86%) er tilkynnt að um mál barns þeirra sé fjallað í ráðunum en hlutfallslega fáum börnum er gert viðvart um það (17%). Niðurstöður benda til að tryggja þurfi betur hlutdeild nemenda í ákvörðunum um eigin málefni í nemendaverndarráðunum.

„Were you talking about me?": Children's involvement in decision making

► About the authors ► Key words

The aim of the study reported here was to examine the practice of pupils' welfare councils in compulsory schools, and participation of children in decision-making in their own educational affairs, which are seen holistically and include health and safety issues. The purpose was to provide insight into the practices of pupils' welfare councils and to learn from the results as well as to increase awareness of rights of children. There is an increasing understanding of the importance of listening to children, for them be heard and engaged in decision-making in their own affairs while planning and managing adequate responses and services.

The UN Convention on the Rights of the Child, as well as laws and regulations regarding pupils' welfare and the national curriculum's fundamental pillars focus on democracy and human rights, were used as guidelines when conducting this study. In addition, the perspective of recent childhood studies, where children are looked upon as active and autonomous individuals, was also used as reference.

Pupils' welfare councils (hereafter PWCs) are multidisciplinary teams that are legally mandated to operate in compulsory schools in Iceland and are intended to promote and safeguard children's and young people's welfare in schooling. The role of PWCs is to coordinate and manage services for pupils in school health services, school counselling and inclusive education and to assist headmasters in managing plans regarding special assistance for individual pupils as well as promoting preventative measures.

Involvement of children and young people in decision making in the PWCs is not statuted in the Compulsory School Act even though they are, according to the Children Act, entitled to express their opinions on all matters regarding them and fair consideration shall be given to their opinions in accordance to their age and maturity. The practice of the PWCs is under researched and no information can be found about the participation of pupils in affairs related to their individual case handling.

Quantitative research methods were used in this study. During the school year 2013–2014 an electronic questionnaire was sent to all compulsory school principals in Iceland. There were responses from 84 schools, with a response rate of 50%. Results indicate that there are PWCs in place in most schools and participants felt that they generally operate in the best interests of students.

Most issues that find their way into the PWCs have in common matters concerning individual children, but pupils' involvement in decision making and handling of matters concerning themselves showed to be limited. The participants mentioned age, maturity of pupils and different nature of affairs as the main reasons for the infrequent involvement of children. Majority of parents (86%) are notified about the case handlings of their children's affairs in the councils but only a small percentage of pupils are made aware of it (17%). In light of other studies of wishes, competence and the mandated rights of children these results indicate the need for more involvement of school children in decisions about their own affairs in pupil welfare councils.

Lack of management guidelines concerning the case handlings was found in the participants' answers when asked about the work of practices and also in the keeping of records and minutes. Results indicate that more emphasis should be on establishing such rules. This would enhance each council's proceedings during their work.

To promote success and effective development of pupil welfare councils it is important to have a thorough knowledge of current activities, and results of this study provide that needed overview.

Inngangur

Nemendaverndarráð eiga að starfa í öllum grunnskólum landsins samkvæmt ákvæðum um sérfræðipjónustu sveitarfélaga á þessu sviði (*Lög um grunnskóla nr. 91/2008; Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010*). Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu. Ráðið á meðal annars að vera skólustjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Í reglugerð um ráðin er skýrt kveðið á um að

leita skuli eftir samstarfi við forsjáraðila nemenda um lausn mála eftir því sem framast er kostur en ekki er minnst á samstarf við þá nemendur sem fjallað er um. Hlutdeild þeirra í ráðunum er því afar óljós.

Samkvæmt 12. grein *Barnasáttmálans*, skulu aðildarríki hans tryggja barni rétt til að láta skoðanir sínar frjálst í ljós í öllum málum er það varðar. Tekið skal réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska (*Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 19/2013, fylgiskjal nr. 18, 2. nóvember 1992). Það að í fyrrnefndri reglugerð sé hvergi minnst á hlutdeild nemenda í lausn á málum er þá sjálfa varða stangast því á við lögfest réttindi þeirra, þar sem hlutdeild þeirra er ekki tryggð í reglugerðinni á sama hátt og hlutdeild forsjáraðila.

Auk ákvæða *Barnasáttmálans* ýta nýjar áherslur aðalnámskrár grunnskóla enn frekar undir að ofangreindum réttindum barna til að láta skoðanir sínar í ljós skuli framfylgt í skólastarfinu en þar er meðal annars kveðið á um grunnþáttinn lýðræði og mannréttindi. Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Grunnþættirnir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu og þeim er meðal annars ætlað að stuðla að velferð og öryggi nemenda (Mennta- og menningar- málaráðuneyti, 2013). Út frá lýðræðislegum sjónarmiðum má líta á þau mál, er tekin eru til umfjöllunar í nemendaverndarráði, sem sameiginleg mál þar sem allir aðilar hafa það að leiðarljósi að taka ákvörðun sem er nemandanum fyrir bestu. Þegar upp er staðið ætti lokaákvörðunin að taka mið af sjónarmiðum allra sem að koma, að meðtöldum nemandanum sjálfum.

Grein þessari er ætlað að veita innsýn í almenna starfsemi nemendaverndarráða og helstu viðfangsefni þeirra. Auk þess er ljósi varpað á hlutdeild nemendanna sjálfra í ráðunum þar sem lýðræðishugmyndir aðalnámskrár grunnskóla og *Barnasáttmálinn* eru hafðar að leiðarljósi. Störf nemendaverndarráða hafa lítt verið rannsökuð (Hrefna Guðmundsdóttir, 2010; Ragnhildur Jónsdóttir, 2008) og hagnýtt og vísindalegt gildi rannsóknarinnar felst því í þeirri yfirsýn sem niðurstöður hennar veita. Til þess að stuðla að markvissu starfi og starfsþróun nemendaverndarráðanna er mikilvægt að hafa þekkingu á núverandi starfsemi þeirra.

Réttindi barna

Barnaréttur hefur fengið aukið vægi á síðari árum og má þar meðal annars nefna endurskoðun á barnalögum og barnaverndarlögum þar sem greina má aukna áherslu á sjálfstæðan rétt barna (*Barnalög* nr. 76/2003; *Barnaverndarlög* nr. 80/2002). Í *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* eru þarfir barna settar fram á lagamáli og endurspeglar hann þekkingu á þörfum barna og forsendum þeirra til eðlilegs þroska (Gunnar E. Finnbogason, 1999; Þórhildur Línadal, 2007). Með lögfestingunni árið 2013 öðlaðist sáttmálinn laga- gildi hér á landi og íslenska ríkinu ber að uppfylla ákvæði hans í öllu er snýr að börnum (*Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 19/2013, fylgiskjal nr. 18 2. nóvember 1992).

Með tilkomu *Barnasáttmálans* jókst til að mynda réttur barna til þess að á þau sé hlustað. 12. grein hans var sérstaklega höfð að leiðarljósi í þessari rannsókn en hún er ein fjögurra grundvallarreglna sáttmálans og gefur það mikilvægi hennar skýrt til kynna. Aðildarríki sáttmálans skulu samkvæmt þeirri grein tryggja börnum rétt til að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum er þau varða og tekið skal réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Ákvæði þetta, um rétt barna til slíkrar tjáningar og áhrifa, á sér ekki for- dæmi í fyrri samningum um réttindi barna og er þar af leiðandi byltingarkennt í sögulegu ljósi (Hrefna Friðriksdóttir, 2009; Kjörholt, 2008; Þórhildur Línadal, 2007). Ákvæðið á við um allar stofnanir er koma að málefnum barna.

Þrátt fyrir ákvæði *Barnasáttmálans* og annarrar löggjafar um réttindi barna virðast raddir þeirra oft taldar léttvægar og jafnvel að engu hafðar. Of sjaldan heyrst minnst á skoðanir barna og áhrif sem þau verða fyrir vegna breytinga í umhverfi þeirra. Þau eru yfirleitt talin utan hins pólitíska sviðs og eru minnihlutahópur í þeim skilningi að þau njóta ekki fullrar þátttöku í þjóðfélaginu (Alderson, 2012; Guðrún Kristinsdóttir, 1991; Oakley, 1993). Skilgreining Shiers (2001) á þátttöku barna í ákvörðunum, sem rekja má til félagslegra kenninga um samfélagslega þátttöku, tekur mið af ákvæðum 12. greinar *Barnasáttmálans* (*Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 19/2013, fylgiskjal nr. 18, 2. nóvember 1992). Þrepaskipt líkan hans gengur undir nafninu þáttökustiginn (e. *ladder of participation*). Í neðsta þrepi stjórna fullorðnir alfarið (e. *manipulation*) og barnið á þar með enga hlutdeild í ákvörðunum. Með hverju þrepi eykst þátttaka barnsins og í efsta þrepi hafa börn frumkvæði, setja fram hugmyndir og eru studd til að taka ákvarðanir í samráði við fullorðna.

Með tilkomu bernskurannsókna á undanförunum áratugum hefur sýn á börn tekið miklum breytingum, þó að betur megi ef duga skal. Bernskufræði (e. *childhood studies*) tóku að þróast um og upp úr 1990 (James og Prout, 1990). Í stað þess að líta á bernskuna sem biðtíma eftir mikilvægari lífsskeiðum, þar sem þroski barns ákvarðar hæfni þess og sjálfstæði, er nú æ meira litið til áhrifa barna á eigið líf og umhverfi og áhersla lögð á þau sem þjóðfélagsþegna er taki þátt í mótun samfélagsins samtímis því sem það mótur þau (Guðrún Kristinsdóttir, 2014; Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir og Steinunn Gestsdóttir, 2007). Þrátt fyrir þetta þurfa börn, bernsku sinnar vegna, sérstaka umönnun, vernd og réttaröryggi og vegna þessarar sérstöðu varð *Barnasáttmálinn* til (Gunnar E. Finnbogason, 2010).

Rannsóknnum og skilningi á börnum hefur farið mikið fram á undanförunum áratugum og undirstrikuð hefur verið nauðsyn þess að tekið sé tillit til þarfa þeirra fyrir vernd umfram þá sem fullorðnir njóta. Niðurstöður rannsókna sýna að börn vilja að á þau sé hlustað og þeim þykir mikið til þess koma þegar hinir fullorðnu gera það (Fern, 2012; Fern og Kristinsdóttir, 2010; Stafford o.fl., 2003). Á hinn bóginn hefur margsinnis verið staðfest að börnum finnst ekki vera hlustað á þau í samræmi við hæfni þeirra til að skilja málefni er snerta þau sjálf (Guðrún Kristinsdóttir, 2014).

Þegar unnið er að málefnum barns skal ávallt hafa hag þess að leiðarljósi og miða ákvarðanir við það. Börn hafa margvíslegar skoðanir rétt eins og fullorðnir. Hugmyndir og sýn barna á eigin aðstæður mótast meðal annars af þroska og þess þarf að gæta þegar kemur að þátttöku þeirra í ákvörðunum. Taka þarf tillit til þess að sömu leiðir kunna ekki að henta öllum nemendum.

Skyldur grunnskólans

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) er skylt að mennta nemendur á árangursríkan hátt. Þetta á við um alla, óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Í námskránni er einnig skýrt kveðið á um það hlutverk grunnskólans að tryggja öryggi og velferð nemenda en þar stendur: „Skólinn á að vera griðastaður barna þar sem þau finna til öryggis, fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar“ (bls. 44).

Grunnskólinn hefur ýmis úrræði til að uppfylla framangreint hlutverk og eitt þeirra er þverfaglegt nemendaverndarráð sem þar skal starfa. Ráðinu er ætlað að stuðla að velferð nemenda, til dæmis skal umsjónarkennari vísa málum til ráðsins fái nemandi ekki fullnægjandi aðstoð vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika. Slíkar aðstæður koma að jafnaði í veg fyrir að nemendur finni til öryggis eða fái tækifæri til þroska og að njóta bernsku sinnar.

Ákvæði *Barnasáttmálans*, svo og skyldur grunnskólans gagnvart nemendum, má tengja við hugmyndir um lýðræði og mannréttindi sem fram koma í menntastefnu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Þar segir að hugtökin lýðræði og mannréttindi eigi að hafa að leiðarljósi og þessar stoðir séu forsenda þess að stuðlað sé að jafnrétti milli einstaklinga og hópa (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Aðalnámskrá kveður á um að starf í grunnskólum skuli vera lýðræðislegt og starfslið skóla þurfi að taka mið af því að nemenda bíður þátttaka í lýðræðissamfélagi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Í hugum margra tákna lýðræðishugtakið opinbera stjórnsýslu, kosningar og allt sem þeim kann að tilheyra en aðrir telja það eiga við um umræður þar sem hlutaðeigandi aðilar reyna að finna sameiginlegan grundvöll í anda jafnréttis (Gastil, 1993). Einnig má líta á lýðræði sem aðferð við að taka ákvarðanir og snýst það þá um að hópur fólks, ýmist stór eða smár, taki sameiginlegar ákvarðanir um hagsmuni er varða það sjálft, jafnvel þótt það kunni að vera ósammála (Ólafur Páll Jónsson, 2007).

Ólafur Páll Jónsson (2007) fjallar um nokkur skilyrði sem ættu ávallt að liggja að baki lýðræðislegri ákvörðunartöku. Fyrsta skilyrðið fjallar um þá aðila er hagsmuna eiga að gæta og að þeir einir eigi að taka þátt í ákvörðunartökunni. Næst fjallar hann um hlutdeild hagsmunaaðila í þeim valkostum sem settir skulu fram. Allir þeir er málið varða ættu að hafa sömu tækifæri til þess að leggja fram skoðanir sínar á málunum. Einnig er mikilvægt að hagsmunaaðilar hafi jöfn tækifæri til þess að meta kosti sem valið skal um og til að mynda sér upplýsta skoðun á þeim.

Samkvæmt *Barnasáttmálanum* og ákvæðum í lagaumhverfi grunnskólans ætti að gefa nemendum kost á hlutdeild í ákvörðunum nemendaverndarráðs í málum er þá sjálfa varða og sú hlutdeild ætti að eiga sér stað á lýðræðislegan máta (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Í þeirri rannsókn sem hér er greint frá er gengið út frá því að nemandinn eigi hvað mestra hagsmuna að gæta þegar fjallað er um mál hans í nemendaverndarráði og því sé hlutdeild hans mikilvæg.

Nemendaverndarráð grunnskóla

Eins og áður sagði kveða grunnskóla­lög á um að nemendaverndarráð skuli starfa í öllum grunnskólum og segir þar meðal annars að skólastjóri skuli samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu (*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008). Jafnframt kemur fram að stuðlað skuli að samráði við félagspjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld um málefni einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir.

Nemendaverndarráð skulu setja sér starfs- og verklagsreglur (*Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum* nr. 584/2010). Skólastjóri eða fulltrúi hans skal stýra ráðinu en auk hans skulu eiga sæti í ráðinu umsjónaraðili kennslu nemenda með sérþarfir, fulltrúi skólaheilsugæslu, fulltrúi sérfræðipjónustu sveitarfélags, og náms- og starfsráðgjafi. Fulltrúar frá félagspjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvalda geta einnig tekið þátt þegar tilefni er til. Ákvæði þessi um samsetningu fulltrúa sýna að ráðunum er bæði ætlað að vera þverfagleg og samhæfandi.

Í fyrrgreindri reglugerð kemur fram að ráðin fjalli um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa. Ráðið metur hvaða upplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Skólastjóri getur falið aðilum innan ráðsins að fylgja málum eftir sé þess þörf.

Umfang og inntak lýðræðislegrar þátttöku nemenda í ákvörðunum um eigin hagsmuni og hlutdeild þeirra í nemendaverndarráðum er óljós og hefur ekki verið rannsökuð sérstak-

lega. Hvergi í reglugerðinni er minnst beint á hlutdeild nemenda í nemendaverndarráðum en rætt er um forsjáraðila þeirra og aðra aðila sem tengjast málinu. „Annar aðili“ gæti vita-skuld vísað til nemandans sjálfs en skortur á hlutdeild hans samkvæmt reglugerð brýtur í bága við lögboðin réttindi hans samkvæmt 12. grein *Barnasáttmálans* sem áður var lýst.

Þverfagleg samvinna og valdefling nemandans

Starfsemi nemendaverndarráðs byggist á þverfaglegri samvinnu fólks úr ólíkum starfsstéttum sem vinna á fleiri en einum vettvangi og koma að ákvörðunum er varða sam-eiginleg markmið. Hverjir eiga þar aðkomu hlýtur að ráðast af hverju máli. Í sumum tilvikum nægir eflaust að þeir komi saman sem eiga fast sæti í ráðinu en í öðrum tilvikum þurfa utanaðkomandi aðilar að koma að málum. Góð þverfagleg samvinna um málefni nemandans ætti að einkennast af samstarfi á jafningjagrundvelli þar sem þess er gætt að allir skilji markmið samstarfsins, þar með talinn nemandinn og forsjáraðilar hans. Þegar þessa er gætt er líklegt að nemandinn fái bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni (Backlund, 2007; Lowrey, Yell og Cavin, 2009).

Með því að stuðla að hlutdeild nemenda í nemendaverndarráðum í málum er varða þá sjálfa er reynt að auka áhrif þeirra. Hugtakið valdefling er notað yfir það þegar völd eða áhrif færast frá hinum valdameiri til hinna valdaminni, til að mynda frá starfsfólki nemendaverndarráðs til skólabarnsins. Valdefling felst í leiðum sem færa einstaklingum og hópum vald sem auðveldar þeim að taka ákvarðanir, hjálpar þeim að bæta aðstæður sínar og öðlast sterkari rödd, meðal annars hjá þjónustustofnunum sem fara með mál þeirra (Adams, 2008). Valdefling eflir þannig vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi (French og Swain, 2008). Með vinnulagi sem leggur áherslu á valdeflingu aukast þau áhrif sem nemandinn hefur á eigin aðstæður og honum gefst kostur á að hafa bein áhrif á ákvarðanir er snerta hann sjálfan.

Þátttaka nemenda í ráðunum getur verið mismikil og af ýmsum toga og það þarf að hafa í huga. Í rannsókninni er kannað að hvaða marki nemendaverndarráð starfa við íslenska grunnskóla, hvernig starfsemi ráðanna er háttað og hver helstu viðfangsefni þeirra eru. Einnig er athugað hvort nemendur eigi hlutdeild í ákvörðunum nemendaverndarráða er varða þá sjálfa og um réttindi þeirra í því sambandi.


Aðferð

Notast var við spurningalista við gagnasöfnun en með því móti var hægt að safna upplýsingum frá öllum grunnskólum á Íslandi og þar með draga upp mynd af starfsemi nemendaverndarráða.

Þátttakendur

Til þess að fá sem besta og réttmætasta mynd af starfsemi nemendaverndarráða í íslenskum grunnskólum var óskað eftir þátttöku allra starfandi formanna nemendaverndarráða skólaárið 2013–2014. Samkvæmt Hagstofu Íslands (e.d.) voru grunnskólar 168 talsins skólaárið 2012–2013 en spurningalistinn tók mið af því skólaári. Alls hófu 111 þátttakendur að svara spurningalistanum og 84 svöruðu honum að mestu eða öllu leyti. Svarhlutfall miðast við hið síðarnefnda og var því 50%.

Hlutfallslega var þátttaka í skólum utan höfuðborgarsvæðisins meiri en innan þess. Þriðjungur ($n = 22$) þátttakenda voru formenn nemendaverndarráða í skóla á höfuðborgarsvæðinu en tæplega helmingur ($n = 45$) voru formenn nemendaverndarráða skóla utan þess. Þetta þýðir að svör bárust frá 31% skóla á höfuðborgarsvæðinu en 45% skóla annars staðar á landinu. Ef tekið er tillit til þess frá hvaða skólum svör bárust er þó ljóst að hlutfall nemenda á landsvísu sem liggur að baki þátttökunni er all nokkuð undir 50%. *Mynd 1* sýnir fjölda skóla eftir staðsetningu og nemendafjölda.



Mynd 1 – Fjöldi skóla eftir staðsetningu og nemendafjölda

Meirihluti þátttakenda voru formenn nemendaverndarráðs í heildstæðum grunnskólum (62%; $n = 52$), það er skólum með 1.–10. bekk. Tíu störfuðu í grunnskólum sem höfðu bæði yngsta stig og miðstig (1.–7. bekk) og einn í skóla sem náði aðeins yfir unglingastig (7.–10. bekk). Fjórir þátttakendur sögðu fyrirkomulag skólanna vera annað. Einn þátttakandi var formaður nemendaverndarráðs í einkareknum grunnskóla.

Mælitækið

Við gagnasöfnun var notast við rafrænan spurningalista. Í honum voru 46 spurningar en spurningafjöldi til hvers þátttakanda var háður svörum hans og gat verið á bilinu 7–36 spurningar. Ef ekki var starfandi nemendaverndarráð við skólann fengu þátttakendur til að mynda færri spurningar en þar sem slíkt ráð var starfandi.

Fremst í spurningalistanum voru 18 spurningar um almennt starf nemendaverndarráðs við skólann. Spurt var hvort slíkt ráð starfaði við skólann, hver sinni formennsku þess, hvert starfsheiti nefndarfulltrúa væri og hve oft ráðið fundaði. Þá var spurt hvort ritaðar væru fundargerðir á fundum ráðsins, hver héldi utan um þær og hverjir hefðu aðgang að þeim. Einnig var spurt hvort skólinn hefði myndað sér forvarnarstefnu og hverjir kæmu að þeirri stefnumótun. Spurt var um áherslur forvarnarstarfsins, svo sem í hverju það væri fólgð og hvers eðlis það væri. Hér var byggt á áðurnefndri reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu og nemendaverndarráð þar sem fjallað er um fyrrgreinda þætti.

Næst komu 17 spurningar um eðli mála einstakra nemenda sem vísað er til nemendaverndarráðs, málaflokka, tíðni mála, tilvísunaraðila, hlutdeild nemenda sjálfra og forsjár- aðila í málum og til hvaða aðila og/eða úrræða málum væri vísað. Spurningar í þessum hluta sneru að einstökum nemendum og var stuðst við flokkun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og Velferðarsviðs Reykjavíkur (2012) auk flokkunar Barnaverndarstofu (Halla B. Marteinsdóttir, 2012) á tilkynningum til barnaverndarnefnda (sjá *Mynd 2*). Spurningar um hlutdeild nemendanna sjálfra í starfsemi nemendaverndarráða voru samdar með rétt- indi þeirra samkvæmt *Barnasáttmálanum* í huga, það er hvort þeir kæmu að lausn og/eða ákvörðunartöku í málum er þá sjálfa vörðuðu og hvort aldur þeirra skipti þar máli. Þar var

til dæmis spurt hve mikil eða lítil áhersla væri lögð á að gæta ólíkra hagsmuna (nemandans, forsjáraðila, skólans eða annarra) í málum er vörðuðu einstaka nemendur.

Að lokum voru spurningar um skólann, þar á meðal um stærð hans og staðsetningu.

Framkvæmd og tölfræðileg úrvinnsla

Rafrænn spurningalisti var sendur til þátttakenda í tölvupósti og gagnasöfnun fór fram á tímabilinu 27. ágúst 2013 til 7. febrúar 2014.

Þátttakendur fengu ítarlegar upplýsingar um rannsóknina í upphafi. Þar kom fram hvert þeir gætu leitað ef einhverjar spurningar vöknudu auk þess sem tekið var fram að þeim væri frjálst að hafna þátttöku, sleppa því að svara einstökum spurningum eða hætta þátttöku í rannsókninni á hvaða stigi sem væri. Með því að svara spurningalistanum, eða áframsenda hann á formann nemendaverndarráðs, veitti skólastjóri samþykki sitt fyrir þátttöku fyrir hönd skólans í rannsókninni. Svör þátttakenda voru nafnlaus og þau var ekki hægt að rekja til einstaklinga eða einstakra stofnana. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar (tilkynning nr. S6370).

Unnið var úr gögnum í töflureikninum *Microsoft Excel®* (2007) og tölfræðiforritinu *IBM SPSS Statistics®* (2011). Lýsandi tölfræði og ályktunartölfræði var beitt við gagnagreiningu. Að úrvinnslu lokinni var öllum gögnum eytt.

Við túlkun á niðurstöðum kom í ljós annmarki á spurningalistanum. Þar var notast við hugtökin *lausn* og/eða *ákvörðunartöku* í spurningum er sneru að hlutdeild nemenda að málum án þess að þau væru skilgreind sérstaklega. Betur hefði farið á að nota hugtökin *lausn* og/eða *ákvörðanir*. Hlutdeild í ákvörðunartöku er mjög þröngt orðalag og getur vísað til þess þegar ákvörðun er tekin á lokastigi máls. Hlutdeild í ákvörðun er aftur á móti mun víðara hugtak og getur vísað til þátttöku á ýmsum stigum máls og með ýmsum hætti. Í niðurstödukafla og umræðum verður fjallað um *ákvörðunartöku* þegar vísað er í svör þátttakenda við spurningum og þar sem það á sérstaklega við en að öðrum kosti verður notast við *ákvörðun*.

Niðurstöður


Starfsemi nemendaverndarráða

Allir þátttakendur sem opnuðu spurningalistann ($n = 111$) svöruðu fyrstu spurningu hans sem kannaði hvort nemendaverndarráð starfaði við skólann. Í langflestum skólanna sem svarað var fyrir starfaði nemendaverndarráð, eða í 95% þeirra ($n = 105$). Fjórir höfðu ekki slíkt ráð og bent var á smæð skólans eða viðkomandi sveitarfélags sem ástæðu fyrir því. Í tveimur skólum var ekki eiginlegt nemendaverndarráð heldur annað sambærilegt starf; annars vegar sinni skólaráð hlutverki nemendaverndarráðs og hins vegar kom samstarf milli skólastjórnenda, kennara, forsjáraðila og sérfræðinga viðkomandi skólaskrifstofu í stað ráðsins vegna smæðar skólans.

Tæpur fjórðungur (24%; $n = 27$) hætti þátttöku eftir að hafa svarað fyrstu þremur spurningum listans. Hér eftir verður aðeins notast við svör þeirra 84 þátttakenda sem svöruðu spurningalistanum í heild sinni eða að minnsta að kosti sex spurningum eða fleiri.

Formenn nemendaverndarráða voru í flestum tilfellum skólastjórar viðkomandi skóla (77%; $n = 61$). Aðstoðarskólastjórar og umsjónaraðilar sérkennslumála komu þar á eftir auk þess sem deildarstjórar gegndu hlutverki formanns í tveimur tilfellum. Í einum skóla var iðjubjálfi formaður ráðsins en í fjórum hafði ekki verið skipaður formaður.

Skólastjóri, umsjónaraðili sérkennslumála og fulltrúi heilsugæslu (skólahjúkrunarfræðingur) áttu fast sæti í flestum ráðanna. Einnig var algengt að náms- og starfsráðgjafi, aðstoðarskólastjóri, fulltrúi fræðsluskrifstofu eða þjónustumiðstöðvar, fulltrúi félagsþjónustu eða barnaverndarnefndar og deildarstjórar ættu þar sæti. Um þriðjungur þátttakenda tilgreindi einnig fasta setu skólasálfræðings í ráðinu en þeir starfa almennt við grunnskóla landsins og heyra undir fræðsluskrifstofu. *Mynd 2* sýnir starfsheiti fastra nemendaverndarráðsfulltrúa.



Mynd 2 – Starfsheiti fastra nemendaverndarráðsfulltrúa

Nemendaverndarráð 76% ($n = 60$) skólanna komu saman og funduðu mánaðarlega eða oftár. Nemendaverndarráð 19 skóla funduðu sjaldnar en þar af voru litlir, fámennari skólar, með færri en 200 nemendur, í meirihluta ($n = 11$). Almennt má segja að fundað hafi verið oftár eftir því sem nemendafjöldi skólanna var meiri.

Þegar spurt var um starfsreglur nemendaverndarráðanna kom í ljós að rétt rúmur helmingur eða 55% ($n = 43$) þeirra hafði mótað sér starfsreglur eins og reglur gera ráð fyrir (*Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010*). Algengara var að starfsreglur hefðu ekki verið mótaðar í minni skólum. Aðeins 33% ($n = 10$) lítilla skóla, með nemendafjölda á bilinu 11–99 höfðu mótað sér starfsreglur á meðan 73% ($n = 11$) meðalstórra skóla, með nemendafjölda á bilinu 200–399, og 80% ($n = 12$) stórra skóla, með yfir 400 nemendur, höfðu mótað sér slíkar reglur. Í starfsreglum voru oftast ákvæði um hvernig ætti að standa að lausnum, skilgreiningu máls sem tekið væri fyrir í ráðinu og mótun eða val lausna. Athygli vekur að í aðeins tæpum helmingi tilfella var kveðið á um mat á árangri að lokinni afgreiðslu máls.

Skortur á starfsreglum endurspegladist í svörum þátttakenda þegar þeir voru beðnir um að gefa álit sitt á verkaskiptingu nemendaverndarráðsfulltrúa með tilliti til þess hve skýr eða óskýr hún væri að þeirra mati. Um 15% þátttakenda þótti verkaskipting hvorki skýr né óskýr og 6% þótti hún frekar eða mjög óskýr. Í þeim tilvikum sem þátttakendum þótti verkaskiptingin óskýr höfðu ekki verið mótaðar starfsreglur. Hið sama átti við um meirihluta þeirra sem sögðu hana hvorki skýra né óskýra.

Í nær öllum nemendaverndarráðunum voru skráðar fundargerðir (95%; $n = 75$) og í flestum tilfellum féll það í hlut formanns að halda utan um þær. Þátttakendur voru beðnir um að merkja við þá aðila er höfðu aðgang að fundargerðum ráðsins af lista með uppgefnum svarmöguleikum. Fastir starfsmenn nemendaverndarráðs höfðu í nær öllum tilfellum aðgang að fundargerðum ráðsins (96%; $n = 71$). Í tæplega þriðjungi tilfella ($n = 21$) höfðu, auk fastra starfsmanna ráðsins, umsjónarkennarar þeirra nemenda sem fjallað var um hverju sinni aðgang að þeim. Einungis í tveimur skólum kom fram að nemendur hefðu aðgang að fundargerðum er þá varðaði og í tíu skólum var tekið fram að forsjáraðilar viðkomandi nemenda hefðu slíkan aðgang.

Fimm þátttakendur tóku fram að aðrir en fastir starfsmenn ráðsins gætu óskað eftir fundargerðum varðandi einstaka nemendur ef málið sneri að þeim á einhvern hátt. Fjórir þátttakendur sögðu það metið hverju sinni og í hverju tilviki fyrir sig hverjir hefðu aðgang. Tveir þátttakendur takmörkuðu aðgang að fundargerðum við skólastjórnendur og fulltrúa sérkennslumála skólans.

Af 59 þátttakendum sem svöruðu spurningu um geymslu fundargerða tilgreindu 20 þeirra árafjölda sem var 2–20 ár. Í þremur skólum sem allir voru á höfuðborgarsvæðinu kom fram að fundargerðir væru sendar Borgarskjalasafni að fimm árum liðnum. Rúmlega helmingur svarenda sögðu fundargerðirnar varðveittar til frambúðar eða gáfu það til kynna.

Málefni einstakra nemenda

Fjöldi mála sem fjallað var um í nemendaverndarráðum skólanna var allt frá engu að 170 málum í hverjum skóla fyrir sig skólaárið 2012–2013. Málum sem rötuðu inn á borð nemendaverndarráða skólanna fjölgaði eftir því sem þeir voru stærri. *Tafla 1* sýnir meðalfjölda mála sem fjallað var um í nemendaverndarráðum eftir stærð skóla.


Tafla 1 – Meðalfjöldi mála sem fjallað var um í nemendaverndarráði eftir stærð skóla			
Stærð skóla	Fjöldi skóla <i>N</i>	Meðaltal <i>m</i>	Staðalfrávik <i>sf</i>
1–99 nemendur	15	9,2	8,0
100–199 nemendur	12	27,3	20,7
200–299 nemendur	3	17,0	21,8
300–399 nemendur*	7	57,6	54,3
400–499 nemendur	5	49,4	7,9
500 nemendur eða fleiri	3	64,3	18,8
Alls	45	131,4	224,8

* Einfari í gagnasafninu, 170, hækkaði meðaltal og staðalfrávik í þessum flokki verulega. Þegar hann er tekinn út úr gagnasafninu verður m 38,8 og sf 24,4.

Dreifing mála milli skólastiga var nokkuð jöfn. Í heildstæðum grunnskólum ($n = 35$) skiptist tæplega þriðjungur allra mála á hvert stig fyrir sig; yngsta stig (1.–4. bekk), miðstig (5.–7. bekk) og unglíngastig (8.–10. bekk). Um 13% mála vörðuð ekki einstaka nemendur.

Þeir aðilar sem oftast vísuðu málum nemenda til nemendaverndarráðs voru umsjónarkennari viðkomandi nemanda og skólastjórnendur. Aðrir aðilar, sem sjaldan eða aldrei vísuðu málum til nemendaverndarráðs, voru forsjáraðilar nemandans, þroskaþjálfari, forstöðumaður í dægradvöl/frístund, stuðningsfulltrúi, nemandinn sjálfur og samnemendur.

Málefni einstakra nemenda fjölluðu oftast um *líðan nemanda* og *hegðunar- og samskiptavanda*. Næst á eftir komu *áhyggjur af heimilisaðstæðum nemanda*, *áhyggjur af aðstæðum nemanda utan heimilis*, *skólasóknar- og ástundunarvandi* og *áhættuhegðun*. Þar á eftir komu málaflokkarnir *skortur á fullnægjandi aðstoð sem nemandi á rétt á*, *alvarlegt brot nemanda á skólareglum* og *vitneskja eða grunur um lögbrot nemanda*. Að lokum komu málaflokkarnir *trúnaðarbrestur milli heimilis og skóla* og *líkamlegt inngrip af hálfu starfsmanna skólans*. Mynd 3 sýnir hve oft eða sjaldan ofangreindir málaflokkar rötuðu inn á borð nemendaverndarráða skólaárið 2012–2013 að mati þátttakenda.




Mynd 3 – Tíðni mála eftir flokkum sem rötuðu inn á borð nemendaverndarráða¹

Við úrvinnslu mála er sneru að einstaka nemendum töldu þátttakendur nemendaverndarráðin fyrst og fremst leitast við að hafa hag nemandans að leiðarljósi. Hagsmunir forsjár aðila nemandans komu þar á eftir og síðan hagsmunir skólans. Einn þátttakandi tók fram í athugasemdum að hagsmunir nemenda færu saman við hagsmuni skólans en annar sagði að einnig þyrfti taka tillit til þeirra úrræða sem skólinn hefði og gæti veitt viðkomandi nemanda. Fjórir þátttakendur sögðu að hafa þyrfti í huga hagsmuni samnemenda þess nemanda sem fjallað var um.

Þátttakendur sögðu nemendur sjálfa hafa komið að lausn og/eða ákvörðunartöku nemendaverndarráðanna í eigin málum í um 60% ($n = 37$) ráðanna. Meirihluti þeirra sem

¹ Gildi kvarðans, frá 2–6, fengu ekki sérstakt heiti á spurningalistanum en 1 merkti *aldrei* og 7 merkti *mjög oft*. Hér hafa gildin 2–3 verið sameinuð í einn flokk, 4–5 í einn flokk og 6–7 í einn flokk. Þannig mætti túlka 2–3 sem *mjög sjaldan* og *sjaldan*, 4–5 sem *stundum* og 6–7 sem *oft* og *mjög oft*.

sögðu nemendur ekki koma að úrvinnslu eigin mála í nemendaverndarráði skólanna töldu þá sjaldan eða aldrei eiga þar erindi eða í 76% ($n = 16$) tilvika. Um þriðjungur (33%; $n = 8$) taldi nemendur stundum eiga þar erindi þrátt fyrir að það tíðkaðist ekki í viðkomandi skóla. *Mynd 4* sýnir hve oft nemendur áttu hlutdeild í eigin málum í nemendaverndar-ráðunum.




Mynd 4 – Aðkoma nemenda að eigin málum í nemendaverndarráði

Meirihluti þátttakenda (82%; $n = 31$) taldi aldur nemenda skipta máli hvað varðaði hlutdeild þeirra í eigin málum í nemendaverndarráði. Í því samhengi nefndu þeir að því eldri og/eða þroskaðri sem nemendur væru, þeim mun líklegri væri að þeir fengju að taka þátt í lausn og/eða ákvörðunartöku varðandi eigin mál. Eðli mála hafði einnig sitt að segja, til að mynda nefndu þátttakendur sérstaklega hlutdeild nemenda í málum er sneru að námsframvindu og hegðun. Eldri nemendur voru einnig taldir dómbærari en þeir yngri á hvað væri þeim fyrir bestu. Börn sem byggju við vanrækslu kæmu tæpast sjálf með hugmyndir að lausnum í skólanum og stundum væri það í höndum annarra fagaðila utan skólans að ræða um hlutdeild barnanna. Þar var vísað til Barnahúss.

Þegar spurt var hve mikið nemendur tækju þátt í lausn og/eða ákvörðunartöku í eigin málum í gegnum nemendaverndarráð voru svörin nokkuð dreifð eins og sjá má á *Mynd 5*.

Þeir þátttakendur sem sögðu nemendur ekki koma að lausn og/eða ákvörðunartöku í málum er þá sjálfa vörðuðu nefndu oftast aldur sem ástæðu þess. Sérstaklega var tekið fram




Mynd 5 – Þátttaka nemenda í lausn og/eða ákvörðunartöku í eigin málum í nemendaverndarráði

að málefni sem bærust til nemendaverndarráða væru orðin of alvarleg til að nemendur sjálfir ættu að koma að þeim. Þar var sérstaklega átt við mál er vörðuðu vanrækslu og mál þar sem óskað var eftir þroskamati eða annarri greiningu sálfræðings.

Átta þátttakendur sem sögðu nemendur ekki koma að lausn og/eða ákvörðunartöku í mál um er snerti þá sjálfa tóku fram að þeir kæmu oft á annan hátt að máluðum. Það gerðist áður en gripið væri til róttækari aðgerða í málum barnsins eða eftir að málum hafði verið komið í annan farveg. Þar var seta barns á teymisfundum² nefnd sem dæmi.


Út frá svörum þátttakenda sem sögðu nemendur koma að ákvörðunum um eigin mál ($n = 37$), svöruðu 32 spurningum um tíðni hlutdeildar og umfang hennar auk bakgrunnsspurninga. Ekki var að sjá að staðsetning skóla eða nemendafjöldi hefði áhrif á það hve oft eða að hve miklu leyti nemendur kæmu að lausnum og/eða ákvörðunartöku. Mikill breytileiki var í svörum. Níu þátttakendur sögðu nemendur oft eiga hlutdeild í ákvörðunum að miklu leyti en átta sögðu nemendur oft eiga þátt í þeim en aðeins að nokkru leyti. Sex sögðu nemendur sjaldan eiga hlutdeild en þegar það ætti sér stað væri hún nokkur og níu sögðu nemendur sjaldan eiga hlutdeild í ákvörðunartökunni og þá væri hún lítil.

Forsjáraðilar nemenda fá yfirleitt að vita af því þegar um mál barna þeirra er fjallað í nemendaverndarráði. Nemendunum sjálfum er hins vegar sjaldnar gert viðvart. Helsta ástæða þess að nemendur fengu ekki að vita af þessu var að þátttakendum þótti nægja að tilkynna forsjáraðilum þeirra um málið. Þeir gætu síðan sjálfir upplýst börn sín teldu þeir ástæðu til. Þátttakendur nefndu að nemendur fengju að vita að verið væri að vinna í þeirra málum án þess að hugtakið nemendaverndarráð kæmi þar við sögu. Aldur nemenda og eðli mála skipti líka máli en því eldri sem nemendur væru, þeim mun líklegri væri að þeir fengju að vita af umfjöllun um mál er snerti þá sjálfa. Í öllum tilvikum þar sem forsjáraðilum var ekki gert viðvart um að mál barna þeirra yrði rætt var um að ræða tilkynningu til barnaverndarnefndar, samkvæmt 17. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þetta varðaði þá óviðunandi uppeldisskilyrði barns, áreitni eða ofbeldi gegn barninu. Á Mynd 6 má glögglega sjá að mun meiri áhersla er lögð á að tilkynna forsjáraðilum barns um umfjöllun um málefni barns en að upplýsa barnið sjálft um hana.



Mynd 6 – Tilkynningar til nemenda og forsjáraðila þeirra um að mál sé til umfjöllunar í nemendaverndarráði

² Með teymisfundi er átt við fund þar sem nemandi og aðilar honum tengdir, til að mynda forsjáraðilar, umsjónarkennari og deildarstjóri, ræða liðan og nám barnsins.



Mynd 7 – Á hvaða stigi nemendum og forsjáraðilum er tilkynnt um málsmeðferð í nemendaverndarráði

Í þeim tilvikum sem nemendum og/eða forsjáraðilum þeirra var gert viðvart um umfjöllun máls í nemendaverndarráði var misjafnt á hvaða stigum málsins það var gert. Forsjáraðilar nemenda voru oftast látnir vita áður en máli var vísað til ráðsins en nemendum sjálfum. *Mynd 7* sýnir meðalskor og á hvaða stigum nemendum og forsjáraðilum þeirra var tilkynnt um umfjöllun máls í nemendaverndarráði.

Umræða

Starfsemi nemendaverndarráða: Þverfaglegt samstarf og lýðræði

Nemendaverndarráð voru starfandi í nær öllum grunnskólum (95%) er þátttakendur svörðu fyrir í rannsókninni, líkt og lög og reglugerð gera ráð fyrir (*Lög um grunnskóla nr. 91/2008; Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010*).

Þar sem nemendaverndarráð eru ekki starfrækt nefna þátttakendur smæð skóla eða bæjarfélags sem ástæðu þess. Ráðin virðast almennt starfa eftir ákvæðum reglugerðar um nemendaverndarráð í grunnskólum. Í samræmi við hana stýra skólastjórar oftast starfi ráðanna en fulltrúar þeirra, í flestum tilvikum aðstoðarskólastjóri eða umsjónaraðili sérkennslumála, annast formennsku í fjórðungi skóla. Skólastjóri, umsjónaraðili sérkennslumála og fulltrúi heilsugæslu eiga fast sæti í ráðunum í flestum tilfellum líkt og gert er ráð fyrir. Þátttakendur sögðu hið sama eiga við um fulltrúa skólaskrifstofu eða þjónustumiðstöðvar í 58% tilvika en samkvæmt reglugerð skal hann eiga þar fast sæti. Um þriðjungur þátttakenda tilgreindi einnig fasta setu skólasálfræðings í ráðinu en störf þeirra heyra oftast undir fræðsluskrifstofu og því hefði mátt tilgreina þá sem fulltrúa fræðsluskrifstofu.

Nemendaverndarráð teygja anga sína víða og starfsemin byggir á þverfaglegu samstarfi innan og milli stofnana, aðallega á sviði skóla og félagsþjónustu en einnig hvað snertir þjónustu við fatlaða, og hefur borið ágóðan árangur (Lowrey o.fl., 2009; Sloper, 2004). Með því að setja sér starfs- og verklagsreglur eins og tilgreint er í reglugerð geta ráðin stuðlað að faglegra starfi en ella. Það kom því á óvart að aðeins rúmlega helmingur þátttakenda sögðu nemendaverndarráð skólanna hafa sett sér slíkar reglur.

Viðfangsefni nemendaverndarráða

Málum sem tekin voru fyrir í nemendaverndarráðum fjölgaði að meðaltali eftir því sem skólarnir voru stærri en þau dreifðust nokkuð jafnt á skólastig. Umsjónarkennarar nemenda vísuðu oftast allra viðkomandi aðila málum til nemendaverndarráðs og er það í samræmi við ákvæði reglugerðar (*Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010, 19. gr.*).

Í rannsókninni voru settir saman ellefu flokkar, eftir eðli mála, sem nemendaverndarráð kynnu að fjalla um. Oftast féllu mál undir flokkana líðan nemenda og hegðunar- og samskiptavanda en sjaldnast undir málaflokkana vitneskja eða grunur um lögbrot, trúnaðarbrestur milli heimilis og skóla og líkamlegt inngrip. Málaflokkurinn líðan nemanda er vissulega mjög víður og getur verið samnefni annarra flokka. Til að mynda getur vanlíðan nemanda ýtt undir áhyggjur skólafólks af heimilisaðstæðum hans eða aðstæðum utan heimilis og áhyggjur af samskiptavanda. Sömuleiðis getur hegðun nemanda haldist í hendur við líðan hans og við brot hans á skólareglum.

Hverjir koma að starfi nemendaverndarráðs hlýtur að ráðast af eðli og umfangi hvers máls fyrir sig. Í sumum tilvikum nægir að þeir sem eiga fast sæti í ráðinu fundi en í öðrum málum þurfa utanaðkomandi aðilar að sitja fundi. Niðurstöður rannsóknarinnar eru í takt við áherslur sem almennt eru viðhafðar í velferðarstarfsemi er snýr að börnum að því leyti að þátttakendur töldu hagsmuni nemandans almennt vera í fyrirrúmi þegar ákvörðun væri tekin. Hér má þó staldra við og spyrja hver meti hvort svo sé og hverjir hagsmunir þess aðila sem á mestra hagsmuna að gæta séu. Rannsókn Fern og Kristinsdóttur (2010) meðal íslenskra unglinga sem sóttu stuðningsúrræði vegna skólatengds og félagslegs vanda leiddi í ljós að þó að fullorðnir telji sig hafa barnið í brennidepli hætti þeim til að álykta einir um hag þess þrátt fyrir vilja barnsins til að taka þátt.

Hlutdeild skólabarna og réttur

Réttur nemenda til hlutdeildar í ákvörðunum nemendaverndarráðs í málum varðandi þá sjálfa er skýr eins og áður sagði. Nemandi getur tekið beinan þátt eða með milligöngu talsmanns (*Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013, fylgiskjal nr. 18, 2. nóvember 1992, 12. gr.*). Þátttaka barna í rannsóknum á þeim sjálfum og skoðunum þeirra hefur leitt í ljós að þau mynda sér skoðanir á ýmsum málefnum er þau varða og sjónarmið þeirra geta því leitt til nýrrar þekkingar. Einnig hafa rannsóknir sýnt að börn óska eftir því að á þau sé hlustað (Fern og Kristinsdóttir, 2010; Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Börn hafa getu til þess að tjá skoðanir sínar, svo lengi sem viðeigandi aðferðum er beitt, og þannig eiga öll börn að geta tjáð sig um eigin málefni í samræmi við aldur og þroska (Anna M. Hreinsdóttir, 2012; Guðrún Kristinsdóttir, 2014; Jóhanna Einarsdóttir, 2012; O'Kane, 2004, Stafford, o.fl., 2003).

Sé hugmyndum um gott þverfaglegt samstarf á lýðræðislegum grundvelli framfylgt í starfsemi nemendaverndarráða ættu nemendur að eiga hlutdeild í ákvörðunum ráðanna þegar fjallað er um mál þeirra sjálfra. Lokaákvörðun ætti að móta á jafningjagrundvelli í samráði við alla þá er hagsmuna eiga að gæta. Þrátt fyrir að ekki náist alltaf sátt um lokaniðurstöðuna ætti að stefna að slíkum lyktum (Gastil, 1993; Guðrún A. Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013; Jones, 2010; Ólafur Páll Jónsson, 2007).

Togstreitu gætir á milli þeirra sjónarmiða að litið skuli á börn sem áhrifavalda í eigin lífi eða sem ófullkomna einstaklinga sem þarfnist verndar og eftirlits (Guðrún Kristinsdóttir, 2014; Guðrún Kristinsdóttir o.fl., 2007). Með tilkomu *Barnasáttmálans* hefur verið leitast við að samvinna þessar nálganir, það er að börn njóti umhyggju og verndar samhliða því að þau séu sjálfstæðir einstaklingar og þátttakendur í samfélaginu (Guðrún Kristinsdóttir, 2014; Gunnar E. Finnbogason, 2010). Með lögfestingu sáttmálans hér á landi mætti ætla

að réttur nemenda til hlutdeildar í ákvörðunartöku nemendaverndarráða væri tryggður en svo virðist þó ekki vera.

Í reglugerð um nemendaverndarráð er ekki minnst á hlutdeild nemenda í þessu samhengi. Þrátt fyrir það sögðu 60% þátttakenda nemendur koma að lausn og/eða ákvörðunartöku í eigin málum. Skýrt kom fram að hlutdeild nemenda væri líklegri eftir því sem þeir væru eldri og þroskaðri sem bendir til að frekar sé tekið tillit til skoðana eldri en yngri barna.

Hlutdeild nemenda og umfang hennar voru breytileg eftir skólum. Í svörum þátttakenda sem sögðu nemendur ekki eiga hlutdeild að ráðunum var tekið fram að mál er rötuðu inn á borð til nemendaverndarráðs væru orðin það alvarleg að nemendur ættu ekki að koma að þeim. Þetta samræmist ekki niðurstöðum um að börn vilji að á þau sé hlustað og að hinir fullorðnu nálgist málefni þessi út frá sjónarhorni barna (Stafford o.fl., 2003; Fern og Kristinsdóttir, 2010). Einnig hefur komið ljós að börn hafa hugmyndir og geta sett fram tillögur, jafnvel í viðkvæmum málum sem snerta velferð þeirra og fjölskyldna þeirra (Ingi-björg H. Harðardóttir, Steinunn Gestsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir, 2014).

Þegar kannað var hvort nemendum og/eða forsjáraðilum þeirra væri tilkynnt um umfjöllun máls í nemendaverndarráði kom í ljós að forsjáraðilum er mun oft tilkynnt um hana, enda ber ráðunum skylda til þess. Ekki er kveðið á um það hvenær eða á hvaða stigum skuli tilkynna það (*Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/210*).

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að forsjáraðilum sé oft tilkynnt fyrirfram um tilvísun máls en nemendum frekar síðar í ferlinu. Nokkrir þátttakendur tóku sérstaklega fram í svörum sínum að nemendur vissu að verið væri að vinna í þeirra málum þrátt fyrir að hugtakið nemendaverndarráð kæmi ekki við sögu í því samhengi. Þetta vinnulag á sér samsvörum í þáttökustiga Harts (1997) sem skiptir þátttöku barna í átta þrep, þar sem fyrsta þrepið stendur fyrir algjört þáttökuleysi en áttunda þrepið fyrir fulla þátttöku til jafns við hina fullorðnu. Þegar nemandi er tilkynnt um að verið sé að vinna í málum hans, eftir að sú vinna er hafin, og hann virðist ekki eiga að taka neinn þátt í því starfi er þátttakan, ef hægt er að segja að um þátttöku sé að ræða, staðsett í neðstu þrepum stigans. Samkvæmt umfjöllun Shiers (2001) stangast þessi „þátttaka“ á við rétt nemandans þar sem þrjú neðstu þrep þáttökustigans er einungis hægt að flokka sem sýndar- eða gervipátttöku. Þar sem hlutdeild nemenda í ráðunum var ekki könnuð að öðru leyti en til þess að athuga hvort hún væri til staðar er ekki hægt að greina hlutdeild nemenda í ráðunum út frá þrepunum í þessari rannsókn. Áhugavert væri að rannsaka frekar þátt nemenda í lausn og/eða ákvörðunum nemendaverndarráða í eigin málum út frá stiganum til þess að varpa ljósi á hvort um raunverulega þátttöku sé að ræða eða hvers kyns hún sé.

Hvert sem eðli þeirra mála er rata inn á borð nemendaverndarráða er skyldi ávallt leitast eftir þátttöku nemandans að einhverju leyti við lausn þeirra. Þetta getur átt við um vanrækslu og greiningar á vanda barnanna jafnt sem önnur atriði. Mál þar sem nauðsynlegt er að grípa til aðgerða strax, svo sem þar sem heilsu og lífi nemandans er stefnt í hættu, eru þó undanskilin, enda ber þeim sem afskipti hafa af börnum í starfi sínu að tilkynna slíkt til barnaverndarnefnda (*Barnaverndarlög nr. 80/2002, 17 gr.*).

Lítið hefur reynt á kenningarlegan grunn rannsóknarinnar í þessari umræðu vegna niðurstaðna um litla hlutdeild nemenda í starfsemi nemendaverndarráðanna. Þetta bendir til þess að ráðin séu fullorðinsmiðuð og þekking og reynsla barna nær útilökuð frá þeim. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa skýrt til kynna að umbóta sé þörf í starfsemi nemendaverndarráða eigi að framfylgja lögum og reglum um rétt barna til að láta skoðanir sínar frjálsglega í ljós og taka réttmætt tillit til þeirra.

Horft fram á við – Tillögur til umbóta

Þegar hugað er að því sem betur mætti fara í starfsemi nemendaverndarráða þarf einkum að bæta tvennt. Annars vegar þarf að auka áherslu á að starfs- og verklagsreglur séu mótaðar í hverju nemendaverndarráði fyrir sig eða jafnvel semja slíkar leiðbeiningarreglur fyrir landið allt. Hins vegar þarf að auka og skýra hlutdeild nemenda í ráðunum og í ákvörðunum er varða þá sjálfa.

Breyting á starfs- og verklagsreglum leysir ekki allan vandann en slíkar reglur móta ramma utan um starfsemina í heild og skilgreina hana. Þegar uppruni hugmyndarinnar um nemendavernd og leið hennar inn í íslenska löggjöf var rakin kom í ljós að það tók löggjafann um 20 ár að lögfesta nemendaverndarráðin (Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir og Margrét Ólafsdóttir, 2014; Ragnhildur Jónsdóttir, 2008). Nú sést að reglugerð um þau er fylgt formlega eftir hvað samráð við foreldra snertir en börnin (sem ekki eiga aðild að ákvörðunum) sitja á hakanum. Líkt og greint hefur verið frá endurspegladist skortur á starfsreglum í svörum þátttakenda þegar þeir voru inntir eftir því hve skýr eða óskýr þeim þætti verkaskipting fulltrúa í ráðinu vera. Með því að skilgreina hlutverk fulltrúa betur mætti draga úr þessari óvissu og stuðla þannig að faglegra starfi. Athygli vakti að í aðeins tæpum helmingi tilfella sögðu þátttakendur kveðið á um mat á árangri að afgreiðslu mála lokinni í starfsreglum ráðanna en slíkt mat ætti að vera fyrir hendi. Auk þess er þörf á ákvæðum um varðveislu fundargerða nemendaverndarráða en ósamræmi í svörum þátttakenda benti til þess að henni væri ábótavant.

Hlutdeild nemenda í starfsemi ráðanna og ákvörðunartöku í eigin málum ætti að skilgreina í starfs- og verklagsreglum þeirra. Einnig mætti athuga hvort ákvæði um hlutdeild nemenda í starfsemi ráðanna ætti ekki með réttu að vera í reglugerð. Ákvæði núgildandi reglugerðar er snýr að forsjáraðilum nemenda virðist framfylgt og þar þarf einnig að tilgreina nemandann sjálfan, enda er réttur hans til hlutdeildar lögfestur í *Barnasáttmála*.

Með því að auka hlutdeild nemenda er ekki endilega átt við að hann sitji fundi ráðsins þegar um mál hans er fjallað, enda kynni slík almenn regla ekki að samræmast verndarákvæðum *Barnasáttmálans*. Í sáttmálanum er tekið fram að barni megi veita tækifæri til þess að tjá sig beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar (12. gr.). Í þessu samhengi má nefna ákvæði 24. greinar barnaverndarlaga nr. 80/2002 um *persónulegan ráðgjafa* sem er eitt stuðningsúrræða í ráðstöfunum barnaverndarnefnda. Talsmaður nemanda eða persónulegur ráðgjafi gæti að sama skapi verið fulltrúi hans í nemendaverndarráði. Kæmi til þess að nemandi nyti aðstoðar talsmanns þyrfti þó að gæta sérstaklega að því að raunveruleg þátttaka ætti sér stað, þar sem réttmætt tillit væri tekið til skoðana hans, samanber efri þrep þátttökustiga Harts (1997). Í þessum efnum gætu nemendaverndarráð til dæmis haft til hliðsjónar verklagsreglur barnaverndarnefnda um þátttöku barna í barnaverndarmálum.

Lokaorð

Í þessari grein var leitast við að veita innsýn í almenna starfsemi nemendaverndarráða íslenskra grunnskóla og hlutdeild nemenda í ákvörðunartöku ráðanna er þá sjálfa varðar. Niðurstöðurnar sýndu að þrátt fyrir ótvíræðan rétt nemenda til þess að fá að tjá sig í málum er þá sjálfa varðar og til þess að réttmætt tillit skuli tekið til skoðana þeirra er slík hlutdeild í ákvörðunum ekki sjálfgefin í starfi nemendaverndarráða.

Í þverfaglegu samstarfi, sem byggir á lýðræðislegum grundvelli, skyldu allir er hagsmuna eiga að gæta í ákvörðunartökunni vinna að henni á jafningjagrundvelli. Nemandinn sem um er rætt hverju sinni á hvað mestra hagsmuna að gæta þegar kemur að ákvörðunartöku máls í nemendaverndarráði. Því ætti hlutdeild hans að þykja sjálfsögð, enda er hann

fær um að tjá skoðanir sínar á málinu, svo lengi sem viðeigandi aðferðum er beitt í samræmi við aldur hans og þroska.

Til þess að stuðla að markvissu starfi og þróun nemendaverndarráða er mikilvægt að hafa haldgóða þekkingu á uppruna þeirra, sögu og núverandi starfsemi. Það er óskandi að rannsókn þessi sé skref í átt að umbótum í þágu velferðar grunnskólanemenda og leggi grunn að frekari rannsóknum á sviðinu.

Heimildir

Adams, R. (2008). *Empowerment, participation and social work*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.

Alderson, P. (2012). Young children's human rights: A sociological analysis. *International Journal of Children's Rights*, 20(2), 177–198. doi:10.1163/157181812X622187

Anna M. Hreinsdóttir. (2012). „Hver hlustar?“ Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–98). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.

Backlund, Å. (2007). *Elevvård i grundskolan – resurser, organisering och praktik*. Stockholm: Stockholms universitet, Institutionen för socialt arbete.

Barnalög nr. 76/2003.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Fern, E. (2012). Developing social work practice through engaging practitioners in action research. *Qualitative Social Work*, 11(2) 156–173.

Fern, E. og Kristinsdóttir, G. (2010). Young people act as consultants in child-directed research: An action research study in Iceland. *Child Family and Social Work*, 16(3), 287–297. doi:10.1111/j.1365-2206.2010.00740.x

French, S. og Swain, J. (2008). *Understanding disability: A guide for health professionals*. Edinburgh: Churchill Livingstone.

Gastil, J. (1993). *Democracy in small groups: Participation, decision making, and communication*. Philadelphia: New Society Publishers.

Guðrún A. Harðardóttir og Baldur Kristjánsson. (2013). Þátttaka barna í ákvarðanatöku í leikskólastarfi. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun: Sérítt 2013 – Fagið og fræðin*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/fagid_og_fraedin/003.pdf

Guðrún Kristinsdóttir. (1991). *Child welfare and professionalization*. Umeå: University of Umeå. Doktorsritgerð útgefin.

Guðrún Kristinsdóttir. (2014). Ofbeldi á heimilum: Leitað til barna og unglunga. Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* (bls. 17–59). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir og Margrét Ólafsdóttir. (2014). Leiðir fram á veg: Spyrjum og hlustum. Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* (bls. 232–273). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri), Ingibjörg Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir og Steinunn Gestsdóttir. (2007). *Það er ljótt að meiða. Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum: Helstu niðurstöður könnunar*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

- Gunnar E. Finnbogason. (1999). „Að virða börn – um réttindi barna.“ Í Helgi S. Kjartansson, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín Indriðadóttir og Ólafur J. Proppé (ritstjórar), *Steinar í vörðu: Til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri* (bls. 235–244). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Gunnar E. Finnbogason. (2010). „Hlustum við á raddir barna?“ Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 103–113). Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Rekstrarform grunnskóla og fjöldi nemenda 1998–2013. Sótt af <http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Skolamal/Grunnskolar>
- Hart, R. (1997). *Children's participation: The theory and practice of involving young citizens in community development and environmental care*. London: UNICEF.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2009). Að nota samning SP um réttindi barnsins með hendi og vendi að hingað til brúkanlegum siðvana. Í Trausti Fannar Valsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 155–172). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hrefna Guðmundsdóttir. (2010). *Könnun meðal skólastjóra á innleiðingu og framkvæmd laga um grunnskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- IBM Corp. (2011). *IBM SPSS Statistics for Windows, útg. 20.0* [tölvuforrit]. Armonk, NY: Höfundur.
- Ingibjörg H. Harðardóttir, Steinunn Gestsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir. (2014). Hugmyndir barna og unglunga um ofbeldi á heimilum. Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* (bls. 61–87). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- James, A. og Prout, A. (1990). A new paradigm for the sociology of childhood? Provenance, promise and problems. Í A. James og A. Prout (ritstjórar), *Constructing and reconstructing childhood: Contemporary issues in the sociological study of childhood* (bls. 7–34). London: The Falmer Press.
- Jones, H. L. (2010). *Putting children at the centre: A practical guide to children's participation*. London: Save the children.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Raddir barna í rannsóknnum. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 13–27). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Kjørholt, A. T. (2008). Children as new citizens: In the best interests of the child?. Í A. James og A. L. James (ritstjórar), *European childhoods: Cultures, politics and childhoods in Europe* (bls. 14–37). Houndmills: Palgrave Macmillan.
- Lowrey, K. A, Yell, M. L. og Cavin, D. C. (2009). Meeting the needs of students with EBD through collaborative teaming. Í M. Yell, N. B. Meadows, E. Drasgow, og J. G. Shriner (ritstjórar), *Evidence-based practices for educating students with emotional and behavioral disorders* (bls. 176–189). New York: Merrill/Pearson.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013, fylgiskjal nr. 18, 2. nóvember 1992.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

- Microsoft. (2007). *Microsoft Excel 2007* [tölvuforrit]. Redmond, Washington: Höfundur.
- O’Kane, C. (2004). Development of participatory techniques. Í P. Christensen og A. James (ritstjórar), *Research with Children*. London: Falmer Press.
- Oakley, A. (1993). Woman and children first and last: Parallels and differences between children’s and women’s studies. Í J. Qvortrup (ritstjóri), *Childhood as social phenomenon: Lessons from an international project* (bls. 51–69). Vienna: European Centre.
- Ólafur Páll Jónsson. (2007). *Náttúra, vald og verðmæti*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ragnhildur Jónsdóttir. (2008). *Nemendaverndarráð – barnavernd?: Uppruni og starfs-hættir nemendaverndarráða* (óutgefin meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/1452>
- Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemenda-verndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.*
- Shier, H. (2001). Pathways to participation: Openings, opportunities and obligations. *Children and Society*, 15(2), 107–117. doi:10.1002/CHI.617
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Velferðarsvið Reykjavíkur. (2012). *Verklagsreglur: Þjónusta við grunnskólanema með fjölþættan vanda*. Sótt af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skjol/verklagsreglursept.2012.pdf
- Stafford, A., Laybourn, A., Hill, M. og Walker, M. (2003). Having a say: Children and young people talk about consultation. *Children and Society*, 17(5), 361–373. doi:10.1002/CHI.758
- Þórhildur Líndal (ritstjóri). (2007). *Barnasáttmálinn: Rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi*. Reykjavík: UNICEF Ísland.

Um höfunda

Jóhanna Kr. Arnberg Gísladóttir (johanna.arnberg@kopavogur.is) er grunnskólakennari í Kópavogi. Jóhanna lauk B.Ed.-gráðu í grunnskóla-kennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands árið 2008 og M.Ed.-gráðu í náms- og kennslufræðum með áherslu á kennslufræði og skólustarf frá Háskóla Íslands árið 2015. Rannsóknin sem þessi grein byggist á var liður í meistaranámi hennar.

Guðrún Kristinsdóttir (gkristd@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Associate Fellow við Centre for Lifelong Learning, University of Warwick í Englandi. Hún lauk doktorsprófi frá Umeå-háskóla í Svíþjóð og gegndi rannsóknarstöðu þar frá 1991 til 1994 en áður lauk hún kennaraprófi (1966) og prófi í félagsráðgjöf (1973) og starfaði lengi í því fagi. Sérfræðileyfi í félagsþjónustu og skólaráðgjöf fékk hún árið 2001. Rannsóknir hennar beinast einkum að velferð barna, meðal annars fósturbarna og barna og mæðra sem búið hafa við heimilisofbeldi. Hún situr í stjórn BÆR (Rannsóknarseturs í bernsku- og æskulýðsfræðum við HÍ), Barnaheilla, Save the Children á Íslandi og ritstjórn tímaritsins *Nordic Social Work Research*.

Amalía Björnsdóttir (amaliabj@hi.is) er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk B.A.-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 1990, M.Sc.-prófi frá University of Oklahoma 1994 og doktorsprófi frá sama skóla

1996. Hún hefur lagt stund á rannsóknir á sviði mælinga og prófagerðar, lestrar- og málproskamælinga og áhrifa félagslegra þátta á skólastarf.

Efnisorð

ávörðunartaka – hlutdeild – nemendavernd – nemendaverndarráð – réttindi barna – skólastarf – grunnskóli

About the authors

Jóhanna Kr. Arnberg Gísladóttir (johanna.arnberg@kopavogur.is) is a teacher in Kopavogur. Jóhanna finished her B.Ed. degree from the Iceland University of Education in 2008 and her M.Ed. degree in education and teaching studies with specialization in pedagogy and schooling from the University of Iceland in 2015. This research was conducted in partial fulfillment of her master's degree.

Guðrún Kristinsdóttir (gkristd@hi.is) is a professor in educational studies at the School of Education, University of Iceland and an Associate Fellow at the Centre of Lifelong Learning, University of Warwick in England. She completed a degree in education from the Teacher's Training College in Reykjavík, Iceland, a degree in social work from the School of Social Work in Odense, Denmark and a PhD from the Department of Social Welfare, University of Umeå in Sweden. Her major research interests are conditions and well-being of children in education and child welfare practices, including children in care and domestic violence against children and mothers. She is a board member in BÆR, the Centre for Childhood and Youth Research at the University of Iceland, a board member of Save the Children, Iceland and an editorial board member of the journal *Nordic Social Work Research*.

Amalía Björnsdóttir (amaliabj@hi.is) is an associate professor at the School of Education, University of Iceland. She completed a B.A. degree in psychology from the University of Iceland in 1990, and a Ph.D. from the University of Oklahoma in 1996. Her major research interests are in the areas of measurement and testing (reading and language development) and influences of social factors on schools.

Key words

decision making – involvement – pupils' welfare – pupils' welfare council – children's rights – school practice – compulsory school

